

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
postur@uar.is



Reykjavík, 15. mars 2019

Efni: Fyrirhugaðar breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) hafa kynnt sér tillögur þær sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur kynnt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Einkum eru það breytingar á IV. kafla laganna – kaflinn um almannarétt, útivist og umgengni sem snerta starfsemi aðildarfélaga í samtökunum. Almennu verður að telja að vel hafi tekist til með tillögur þær sem settar eru fram. Vilja samtökin þó koma á framfæri nokkrum atriðum.

Samtökin leggja áherslu á að heimildir séu skýrar varðandi lokun eða takmörkun umferðar eftir því sem þörf er á vegna verndunar náttúru. Mikilvægt er að vel og faglega sé staðið að því mati sem fram þarf að fara þegar grípa þarf til slíkar aðgerða. Binda má vonir við að tæki það sem kallað er „ástandsmatsverkfærið“, sem verið er að þróa hjá Umhverfisstofnun með aðkomu Stjórnstöðvar ferðamála, muni nýtast við þetta í framtíðinni. Samtökin vilja benda á mikilvægi þess að matið sé unnið af hlutlausum aðila og þeir sem vinna matið hafi til þess faglega þekkingu og reynslu, sem hægt væri að sýna fram á með hæfismati eða vottun. Með aukinni stýringu og í sumum tilfellum fjöldatakmörkunum má vænta þess að síður þurfi að koma til lokanna.

Lagt er til að yfirskrift 24 greinar laganna verði „endurteknar skipulagðar hópferðir“ og að leita skuli leyfis landeigenda vegna yfirferðar um land í slíkum ferðum, telja samtökin að þetta gæti verið viðunandi niðurstaða í þessu máli sem valdið hefur talsverum umræðum á síðustu árum. Samtökin vilja engu að síður benda á að skilgreina þurfi hvað *:Endurteknar skipulagðar hópferðir* eru. Þar væri hægt að sjá fyrir sér að um væri að ræða ferð sem farin er oftar en tvisvar sinnum á ári yfir sömu landareign. Ætti þetta þá líklega heima í 5 gr. fyrirliggjandi draga.

Varðandi ákvæði um lengd lokunartíma samkvæmt 25 gr. telja samtökin æskilegt að endurmeta eigi ástandið að tveim vikum loknum og tekin afstaða til hvort framlengja þurfi í aðrar tvær vikur.

Varðandi breytingar á 18.gr og 29.gr langana sem snýr að heimild til gjaldtöku þá fagna samtökin því að skýrt er kveðið á um að gjaldtaka teljist ólögmæt hindrun. Með því að lögfest verði að gjaldtaka teljist ólögmæt án þess að landeigandi veiti aðra beina þjónustu ætti óvissu um þetta atriði að ver eitt.

Samtökin fara fram á að bætast í þann hóp samtaka sem getur krafist úrlausnar Umhverfisstofnunar samkvæmt 29 gr. laganna

Í 30 gr. lagananna er talað um ferðaleiðir, en þær eru mjög mikilvægar í þróun útivistar og ferðamennsku. Samtökin telja æskilegt að rýmka heimildir fyrir félagsamtök og ferðþjónustuaðila til að skilgreina nýjar og leiðir undir sömu forsendum og aðrir sem talað er um í þessari grein laganna.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar og athugasemdir á síðari stigum

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka ferðþjónustunnar



Anna G. Sverrisdóttir